

Reykjavík 10. nóvember 2014

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis) - 17. mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar fyrir að fá að veita umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak – 17. mál.

Að umsögninni kom einnig fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga vill ítreka að allar alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að afnám einkasölu og aukið aðgengi að áfengi hefur í för með sér aukna notkun þess sem leiðir til aukinna heilbrigðis- og félagslegra vandamála og kostnaðar fyrir samfélagið.

Aukið aðgengi að áfengi er því ekki í samræmi við þau lýðheilsusjónarmið sem fram koma í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar er kveðið á um að bætt lýðheilsa og forvarnarstarf verði meðal forgangsverkefna hennar.

Í drögum að velferðarstefnu og heilbrigðisáætlun til ársins 2020 er fjallað sérstaklega um áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir í kaflanum um lífstílstengda áhrifaþætti heilsu og forvarnir. Þar er markmiðið að draga verulega úr neyslu þessara efna fyrir árið 2020, bæði heildaráfengisneyslu á hvern íbúa eldri en 15 ára og skaðlegri neyslu meðal fullorðinna.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er því mótfallið þeirri breytingu að færa sölu áfengis yfir í matvöruverslanir þar sem aukinn aðgangur að áfengi mun leiða til aukinnar heildarneyslu sem er andstætt bættri lýðheilsu þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Ólafur G. Skúlason".

Ólafur G. Skúlason formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga